

Mikilvæg ráð fyrir skólaforeldra

- Kenndu barninu þínu að takast á við áskoranir
- Kenndu barninu þínu að líta á mistök sem tækifæri til að læra af
- Kynntu þér námsmarkmið barnsins þíns
- Hafðu réttmætar væntingar til barnsins þíns um námsárangur og samskipti
- Hlustaðu á barnið þitt
- Talaðu af virðingu um skólafélaga barns þíns og foreldra þeirra
- Hjálpaðu barninu þínu til að leysa þau vandamál sem eru á færi þess að leysa
- Leitaðu skýringa í skólanum ef efasemdir vakna um nám og/eða velferð barns þíns
- Líttu á skólann sem mikilvægan samstarfsaðila og leggðu þitt af mörkum í samstarfinu
- Leggðu þig fram um að efla jákvæðan skólabrag í samstarfi við aðra skólaforeldra
- Sýndu námi barns þíns áhuga og veittu því stuðning
- Talaðu jákvætt um menntun og skóla barnsins
- Hafðu réttmætar væntingar til skólans
- Hjálpaðu barninu þínu að forgangsraða og skipuleggja tíma sinn
- Vertu góð fyrirmynd



„Enginn einn einstakur þáttur hefur eins mikil áhrif á námsárangur barna og líðan þeirra í skólanum eins og viðhorf og stuðningur foreldra“ (Krítin 9. september 2015)